

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 95/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn

Baldri Gizurarsyni

og

Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni

(Hrl. Ragnar Jónsson).

Ölvun við akstur bifreiðar o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Ekki verður talið, að kærði Baldur hafi með atferli sínu brotið ákvæði 1. málsg. 9. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 né 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Að öðru leyti eru brot kærða réttilega færð til lagagreina þeirra, er í héraðsdómi getur, og þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er hann varðar.

Með skirskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing kærða Magnúsar hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Með vísan til hegningarvottorðs kærða og samkvæmt 39. sbr. 20. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 svo og 1. málsg. 68. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 ber og að svipta kærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 450 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar kærða Baldur Gizurarson.

Kærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson sæti 15 daga varðhaldi. Hann er sviptur leyfi til að stjórna bifreið ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ragnars Ólafssonar og Ragnars Jónssonar, 450 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. apríl 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 17. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1099—1100/1947: Valdstjórnin gegn Baldri Gizurarsyni og Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Baldri Gizurarsyni verkamanni, til heimilis á Hringbraut 40 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar og gegn kærða Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni verkamanni, Laugavegi 49 hér í bæ, fyrir brot á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Báðir eru kærðu komnir yfir lögaldur sakamanna, kærði Baldur er fæddur 3. desember 1925 í Reykjavík, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

- 1937 $2\frac{8}{10}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1937 $2\frac{9}{10}$ Kærður fyrir hnúpl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1937 $1\frac{5}{11}$ Kærður fyrir slagsmál. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1937 $1\frac{5}{11}$ Kærður fyrir hnúpl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1938 $2\frac{5}{4}$ Kærður fyrir að hanga í bil. Afgr. til barnaverndarnefndar.
- 1939 $2\frac{1}{3}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1940 $2\frac{2}{5}$ Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1942 $1\frac{2}{11}$ Dómur aukaréttar, 600 kr. sekt og sviptur rétti til þess að öðlast ökuskirteini í eitt ár fyrir brot gegn 259. gr. hegningarl., 20., 23., 26. og 27. gr. bifreiðalaganna, 4. gr. umferðarlaganna, 21. gr. áfengislaganna og 45. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1943 $2\frac{9}{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{3}{7}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943 $1\frac{8}{10}$ Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, sviptur rétti til að öðlast ökuskirteini ævilangt, skaðabætur in solidum kr. 1200.15, fyrir brot gegn 20., 23. og 26. og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna.

- 1943 $\frac{9}{12}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
 1944 $\frac{24}{1}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögrsp. Rvíkur.
 1944 $\frac{28}{1}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi, sviptur kosningar-
 rétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga-
 anna.
 1944 $\frac{8}{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og óspektir.
 1944 $\frac{16}{9}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1944 $\frac{14}{11}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1945 $\frac{14}{2}$ Dómur aukaréttar, 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningar-
 rétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlag-
 aganna.
 1945 $\frac{20}{8}$ Sátt, 100 kr. sekt, 100 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og árás.
 1945 $\frac{24}{8}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 $\frac{7}{12}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
 1946 $\frac{14}{2}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir óspektir.
 1946 $\frac{26}{5}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{6}{6}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt og
 bifreiðalögum.
 1946 $\frac{3}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1946 $\frac{29}{6}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærður Magnús Guðmundur Sigurður er fæddur 13. maí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1938 $\frac{8}{3}$ Kærður fyrir meint hnúpl á dúfum. Afgr. til barnavn.
 1938 $\frac{5}{8}$ Kærður fyrir að hræða skepnur með hvellbyssum. Sams-
 konar afgreiðsla.
 1939 $\frac{10}{7}$ Kærður fyrir hjólreiðar í Bankastr. Samsk. afgreiðsla.
 1939 $\frac{16}{10}$ Kærður fyrir þjófnað og spellvirki. Samsk. afgreiðsla.
 1944 $\frac{28}{11}$ Dómur aukaréttar Rvíkur, 30 daga fangelsi, skilorðs-
 bundið í tvö ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir
 brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
 1944 $\frac{9}{12}$ Sátt, 100 kr. sekt, 50 kr. skaðab. fyrir ölvun og árás.
 1945 $\frac{24}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Laugardaginn 16. nóvember s. l. um kl. 5 síðdegis ók kærði Baldur bifreiðinni R 1753 upp Háteigsveg hér í bæ. Við hlið hans í stýris-
 húsi bifreiðarinnar sat kærði Magnús, og var hann þá eigandi
 nefndrar bifreiðar, sem gerð er til vöruf lutninga. Er komið var
 móts við húsið nr. 9 við fyrrnefnda götu, ók bifreiðin R 1753 á vöru-
 bifreiðina R 1071, er stóð á nyrðri götuhelmingi og sneri í vestur.
 Síðarnefnd bifreið skemmdist nokkuð við árekstur þenna, en bif-
 reiðin R 1753 mun ekki hafa skemmt við hann, svo teljandi væri.

Eftir áreksturinn fór kærði Baldur fótgangandi burt af staðnum,
 en kærði Magnús ók bifreið sinni brott, og gerðu þeir hvorugur
 lögmæltar ráðstafanir í sambandi við áreksturinn.

Birgir Kristjánsson verkamaður, Þórsgötu 3, 17 ára að aldri, sá, þegar umræddur árekstur skeði. Hefur hann sem vitni í málinu skýrt svo frá, að sér hafi ekki virzt bifreiðin R 1753 aka mjög harí á leið sinni upp Háteigsveg, en hún hafi rekizt utan í hliðargrindur bifreiðarinnar R 1071, vinstra megin, um leið og hún ók fram hjá þeirri bifreið. Vitnið kveðst hafa séð báða hina kærðu á staðnum eftir áreksturinn, en ekki getur það borið um, hvort þeir virtust undir áfengisáhrifum, en það kveðst hafa heyrt talað um það á staðnum, að svo væri.

Haukur Jónsson afgreiðslumaður, Háteigsvegi 9, 39 ára að aldri, var staddur í garði bak við hús sitt, er umræddur árekstur skeði. Hefur hann sem vitni í málinu skýrt svo frá, að hann hafi heyrt, er bifreiðin R 1753 rakst á bifreiðina R 1071, en ekki séð siðar-nefnda bifreið fyrr en eftir áreksturinn. Ekki telur vitnið, að bifreiðinni hafi verið ekið hart, því að áreksturinn hafi verið léttur, og litlar skemmdir hafi orðið á bifreiðinni R 1071. Vitnið kveðst nú hafa tilkynnt lögreglunni símleiðis um áreksturinn, en hún hafi ekki komið á staðinn fyrr en nokkru síðar, og hafi þá kærðu báðir verið farnir brott, annar hafi ekið á brott í bifreiðinni R 1753, en hinn hafi hlaupið burt. Báða hina kærðu kveðst vitnið hafa séð þarna á staðnum, en litið talað við þá. Hafi því virzt framkoma þeirra öll og útlit benda til þess, að þeir væru með áhrifum áfengis, án þess að það veitti þó nokkru sérstöku athygli í fari þeirra, sem benti til þess.

Jóhann Eiríksson, bifreiðarstjóri á bifreiðinni R 1071, Háteigsvegi 9, 53 ára að aldri, hefur sem vitni við rannsókn málsins skýrt þannig frá, að það hafi verið inni í húsi sínu, er umræddur árekstur skeði, en því hafi verið gert aðvart um hann, og hafi það komið fljótlega á staðinn, eftir að hann skeði.

Kveðst vitnið hafa haft tal af báðum hinna kærðu þarna á staðnum, og hafi þeir beðið það um að gera ekki lögreglunni aðvart um áreksturinn, en því hafi það neitað, þar eð þeir voru undir áhrifum áfengis. Segir vitnið þá báða hafa haft útlit ölvaðra manna, vínlykt hafi verið af þeim og þeir hafi haft í frammi raus. Eftir áreksturinn hafi svo annar þeirra kærðu hlaupið á brott, og hafi vitninu virzt hann vera meira með áfengisáhrifum, en hinn hafi stigið upp í bifreiðina R 1753 og ekið henni brott, og hafi þeir félagar því báðir verið farnir af staðnum, er lögreglan kom á vettvang.

Eftir að lögreglunni var gert aðvart um margnefndan árekstur, hófu lögreglumenn leit að hinum kærðu, þar eð þeir fundust ekki á árekstrarstaðnum.

Óskar Ólason lögregluþjónn, Bergstaðastræti 12, 30 ára að aldri, fann bifreiðina R 1753 brátt, þar sem hún stóð kyrr við húsið nr. 49 við Laugaveg. Hefur Óskar sem vitni í málinu skýrt svo frá, að er það kom að, hafi maður nokkur, sem það veit ekki deili á, setið

við stýri bifreiðarinnar, en kærði Magnús hafi setið hjá manni þessum, og hafi vitninu virzt sem hann hefði neytt áfengis, en ekki hafi hann þó verið áberandi ölvaður. Vinlykt hafi lagt úr vitum hans. Færði nú vitnið kærða Magnús á lögregluvarðstofuna, og viðurkenndi hann þar að hafa neytt áfengis þenna dag. Var síðan farið með hann til blóðúrtöku, en honum að því loknu leyft að fara leiðar sinnar.

Þorkell Steinsson lögregluþjónn, Holtsgötu 14, 49 ára að aldri, hefur sem vitni við rannsókn málsins skýrt svo frá, að það hafi ásamt Sigurði F. Jónssyni lögregluþjóni handtekið kærða Baldur á heimili hans, Hringbraut 40, einhverntíma milli kl. 7½—8 að kvöldi þess 16. nóvember s. l. Hafi þá kærði Baldur setið fáklaeddur á legubekk í herbergi sínu, en ekki hafi hann þó verið kominn upp í rúm. Segir vitnið hann hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis, en hafi þó ekki virzt vera mjög ölvaður. Var nú kærði Baldur færður á lögregluvarðstofuna, síðan var tekið úr honum blóðsýnishorn, en honum að því loknu leyft að fara leiðar sinnar.

Kærði Baldur hefur skýrt þannig frá við rannsókn málsins.

Hann kveðst hafa farið inn á veitingastofuna Café Holt um kl. 4 e. h. laugardaginn 16. nóvember s. l. ásamt kærða Magnúsi, sem hann mun hafa hitt þá stuttu áður, og var þá kærði Magnús með bifreið sína R 1753. Kærði Baldur kveðst ekki hafa verið tekinn að neyta áfengis þenna dag, er hann hitti kærða Magnús, og hafi hann verið að koma úr vinnu þá, en hins vegar hafi hann haft meðferðis eina gosdrykkjaflösku fulla af brennivíni, og hafi þeir Magnús neytt innihalds hennar inni á fyrrnefndum veitingastað. Telur hann, að hann hafi neytt um helmings innihaldsins þarna á móti kærða Magnúsi. Síðan hafi þeir Magnús farið út af veitingastofunni og sezt út í bifreiðina R 1753, og kveðst kærði Baldur hafa fengið leyfi kærða Magnúsar til að aka henni. Kveðst hann nú hafa ekið suður Þverholt og síðan upp Háteigsveg, en rekizt á bifreiðina R 1071, sem stóð kyrr á Háteigsveginum, eins og fyrr segir. Ekki telur kærði Baldur, að árekstur þessi hafi stafað af ógætilegum akstri hans, heldur af því að hann hafi þarna mætt annarri bifreið. Eftir áreksturinn hafi hann stöðvað bifreiðina þegar og stigið út úr henni. Kveðst hann síðan hafa gengið inn í port nokkurt þarna nálægt og kastað af sér vatni. Er því var lokið, hafi hann séð, að kærði Magnús hafi verið að aka bifreið sinni brott af árekstrarstaðnum, og hafi hann þá einnig haldið sína leið, farið niður í bæ og inn á veitingastofuna Gullfoss í Hafnarstræti, en þar kveðst hann hafa neytt talsverðs magns af áfengi til viðbótar því, sem hann hafði drukkið á veitingastofunni Holti. Af veitingastofunni Gullfossi segist kærði Baldur síðan hafa farið heim til sín á Hringbraut 40 og verið nýlega kominn þangað, er lögreglumenn, sem fyrr er getið, handtöku hann. Hann telur, að það hafi verið um kl. 5 þenna dag, er

hann ók á bifreiðina R 1071 á Háteigsvegi, en kl. 7½—8 um kvöldið hafi lögreglumennirnir handtekið hann. Kærði Baldur hefur viðurkennt, að hann hafi verið litils háttar með áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni R 1753 með fyrrnefndum afleiðingum, en hins vegar hafi hann verið orðinn talsvert ölvaður, er hann var handtekinn um kvöldið, enda hafi hann þá verið búinn að neyta talsverðs áfengismagns, eins og fyrr segir. Engin ökuréttindi kveðst hann hafa og hafi aldrei haft þau.

Kærði Magnús hefur lýst málavöxtum þannig:

Hann kveðst hafa hitt kærða Baldur einhvers staðar á Hringbrautinni um kl. 4 þann 16. nóvember s. l. Hafi það verið af tilviljun einni, og kveðst hann aðeins kannast við kærða Baldur. Ekki segist kærði Magnús hafa séð vináhrif á kærða Baldri, er hann hitti hann þarna. Hafi þeir félagar nú farið inn á veitingastofuna Holt við Laugaveg og neytt þar brennivins, er kærði Baldur hafði meðferðis þangað í gosdrykkjaflösku. Áfengið hafi þeir drukkið blandað út í öli, og telur kærði Magnús, að þeir félagar hafi neytt álíka mikils af innihaldi fyrrnefndrar flösku þarna. Er lokið var úr flöskunni, hafi þeir kærði Baldur síðan farið út af veitingastofunni og út í bifreið kærða Magnúsar, og hafi hann leyft kærða Baldri að aka henni, eftir nokkrar undanfærslur. Eftir að kærði Baldur var tekinn að aka bifreiðinni, segir kærði Magnús, að hann hafi veitt því athygli, að hann (kærði Baldur) myndi vera með áhrifum áfengis, og hafi honum farizt stjórn bifreiðarinnar fremur ófímlega úr hendi, enda hafi akstri hans lyktað með því, að hann ók á bifreið á Háteigsvegi. Ekki kveðst kærði Magnús hafa vitað það fyrr en eftir á, að kærði Baldur hafði ekki leyfi til að aka bifreið. Kærði Magnús kveðst hafa fundið örlítið til áhrifa áfengis, fyrst eftir að hann neytti áfengis á veitingastofunni Café Holti, en þau áhrif hafi verið með öllu horfin, er hann ók bifreið sinni brott af árekstrarstaðnum, enda hafi liðið að minnsta kosti ½ klst., frá því hann neytti áfengisins, þar til hann ók bifreið sinni.

Blóðsýnishorn voru tekin úr báðum hinna kærðu þetta kvöld, eins og fyrr er getið. Kom það í ljós við rannsókn á þeim, að í blóði kærða Baldurs var alkoholmagn, er svarar til 2,11‰, en í blóði kærða Magnúsar var alkoholmagn, sem svarar til 0,92‰.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, eftir því sem ástæða þykir til, og ber þá næst að athuga, hvort hinir kærðu hafi með háttsemi sinni brotið þau ákvæði laga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem mál þetta er höfðað fyrir brot á.

Með eigin játningu kærða Baldurs, sem er í samræmi við aðrar upplýsingar, sem fyrir liggja í máli þessu, telst sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni R 1753 með áhrifum áfengis þann 16. nóvember s. l. Hefur hann með því brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Þá hefur kærði með því að aka bifreið, eftir að hann hefur ævilangt verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, brotið 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Telja verður sannað, að kærði Baldur hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn með því að aka á bifreið, er stóð kyrr utarlega á akbraut, og hefur hann með því brotið 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 og 46 gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Með því að fara brott af stað, þar sem hann hefur valdið bifreiðaárekstri, án þess að gera lögmæltar ráðstafanir í sambandi við hann, hefur kærði Baldur brotið 1. og 2. mgr. 9. gr. umferðarlaganna. Með því að neyta áfengis á veitingastað, þar sem ekki er leyfi til vínveitinga, hefur hann brotið 1. mgr. 17. gr. áfengislaganna, og með því að kasta af sér vatni á almannaferi hefur hann brotið 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Samkvæmt 39. gr. og 1. mgr. 37. gr. áfengislaganna, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur þykir refsing kærða Baldurs með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með hliðsjón af fortið hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Það er sannað, að kærði Magnús neytti áfengis með kærða Baldri, áður en sá siðarnefndi ók bifreið hans með leyfi hans. Kærði Magnús hefur við rannsókn málsins borið, að þeir kærði Baldur hafi neytt álíka mikils áfengis saman þenna dag, og að hann (þ. e. kærði Magnús) hafi fyrst í stað fundið til vínáhrifa af þessari áfengisneyzlu, þótt hann telji hins vegar, að áhrif þessi hafi verið horfin, er hann ók bifreið sinni siðar. Kærði Magnús hefur því mátt gera ráð fyrir, að kærði Baldur fyndi einnig til áhrifa áfengis, enda hefur hann játað, að hann hafi séð áfengisáhrif á honum, eftir að hann var tekinn að aka bifreið hans. Telst því kærði Magnús hafa brotið 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna með því að fela manni stjórn bifreiðar, sem hann mátti gera ráð fyrir að væri með áfengisáhrifum og var það einnig. Þá telst kærði Magnús einnig hafa brotið 22. gr. bifreiðalaganna með því að fela manni, sem ekki hafði ökuréttindi, stjórn bifreiðar. Kærði Magnús hefur að visu borið það fyrir sig, að hann hafi ekki vitað um, að kærði Baldur hafði ekki ökuréttindi, er hann fól honum stjórn bifreiðarinnar, en honum bar skýlaus skylda til að ganga úr skugga um það, áður en hann leyfði honum að aka bifreið sinni.

Með því að aka brott af stað, þar sem átt hafði sér stað bifreiðaárekstur, án þess að gerðar hefðu verið nauðsynlegar og lögmæltar ráðstafanir, hefur kærði Magnús brotið 2. mgr. 9. gr. umferðarlaganna, og með því að neyta áfengis á veitingastað, þar sem ekki var leyfi til vínveitinga, hefur hann brotið 1. mgr. 17. gr. áfengislaganna. Hins vegar þykir ekki nægilega sannað, að kærði

Magnús hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni þanna dag, enda hefur hann sjálfur neitað, að svo hafi verið. Blóðsýnishorn, tekið úr honum skömmu eftir aksturinn, sker engan veginn úr um það, og framburður vitna um ástand hans um það leyti, sem hann ók bifreið sinni og eftir það, eru nokkuð óákveðnir. Þykir því bera að sýkna kærða Magnús af kærú valdstjórnarinnar vegna meintrar ölvunar við bifreiðaakstur.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 1. mgr. 37. gr. áfengislaganna þykir refsing kærða Magnúsar, með til-
liti til 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Hina kærðu ber að dæma in solidum til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Baldur Gizurarson sæti varðhaldi í 20 daga.

Kærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson sæti varðhaldi í 10 daga.

Hinir kærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1947.

Nr. 76/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn

Guðjóni Gíslasyni (Hrl. Lárus Jóhannesson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Atferli kærða varðar við 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsíákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu öku-
leyfis og málskostnað í héraði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.